



Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans í Reykjavík

2021–2022

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2. Sjálfsmat	5
2.1 Síðastliðin ár	5
2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2021–2022.....	6
2.2.2 Kannanir	6
2.2.3 Fundir með nemendum	10
2.2.4 Skólanámskrá	11
2.2.5 Umbótaáætlun	11
2.2.6 Umhverfisstefna	11
3. Lokaorð.....	12

1. Inngangur

Sjálfsmat er fyrirbæri sem ber að fagna því að það gefur skólum tækifæri til að bæta sig. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtímaávinning að leiðarljósi. Með skólastarfinu er átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Ennfremur er leitast við að gera skólastarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra sem hlut eiga að máli.

Sjálfsmatsskýrslur MR fyrir síðastliðin fjórtán ár má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólastarfsins sem metnir verði næstu fimm árin. Kannanir og rannsóknir eru framkvæmdar, niðurstöður greindar, aðgerðir til úrbóta eru lagðar fram og þeim fylgt eftir með aðgerðaáætlun.

Að sjálfsögðu sýnir sjálfsmatsskýrslan aðeins hluta af öllu því starfi sem fer fram innan veggja skólans en árlegt sjálfsmat gerir starfsfólki kleift að sjá svart á hvítu það sem vel er gert og einnig það sem miður fer. Þá er hægt að finna leiðir til úrbóta og gera skólann betri.

Í Menntaskólanum í Reykjavík starfar gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, kennslustjóra, verkefnastjóra og gæðastjóra. Gæðastjóri skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans.

1.1 Stefnuskra, markmið og leiðir

Menntaskólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð allra á sjálfbærum lifnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er aðalmarkmið hans að nemendur séu að loknu stúdentsprófi vel undir það búnir að takast á við háskólanám, hvort heldur sem er innan lands eða utan.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur kapp á að kynna nemendum sínum menningarverðmæti á sviði bókmennta, erlendra tungumála og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Skólinn leggur áherslu á vísindalæsi nemenda og hefur vel útbúna aðstöðu til verklegar þjálfunar á því sviði.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að búa nemendur sína vel undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi, sem og að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti og samfélagsskipan ásamt fjármálaskyldum, einstaklingsskyldum og réttindum.

Í fjölbreyttu félagsstarfi leitast skólinn við að efla félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljós.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur áherslu á heilbrigt lífni og vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði nemendanna. Boðið er upp á fræðslu og námskeið til að stuðla að bættri sjálfsmynd en því miður hefur skólinn ekki tök á því að bjóða nemendum upp á hollan og næringarríkan mat í hádeginu þar sem ekkert mótuneyti er fyrir hendi. Af veikum mætti er þó reynt að bjóða upp á takmarkað framboð af hollum mat.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við mennta- og menningar- málaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut. Í samræmi við þann samning hefur skólinn kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og hefur tekið virkan þátt í því verkefni að vinna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð. Þessi viðleitni hefur tekist afar vel og telst brottfall nemenda skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum. Síðastliðið ár kemur afar vel út í þeim efnum:

Tafla 1. Fjöldi nemenda.

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hættu í MR eða féllu á árinu	%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	44	4,90%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%
2012	919	910	54	5,90%	63	6,86%
2013	897	867	44	5,07%	74	8,25%
2014	903	877	42	4,79%	68	7,53%
2015	871	851	46	5,41%	66	7,58%
2016	851	836	50	5,98%	65	7,65%
2017	855	834	34	3,72%	55	6,43%
2018	829	768	59	7,6%	37	4,46%
2019	655	641	8	1,3%	28	4,3%
2020-2021	669	651	28	4,3%	47	7,2%
2021-2022	685	671	22	3,3%	41	6,0%
2022-2023	690					


Innritaðir nemendur skólaárs 2021-2022 voru:

Tafla 2. Nemendafjöldi á haustmisseri eftir kyni og bekkjum.

	6.bekkur	5.bekkur	4.bekkur	Alls	%
Piltar	85	86	106	277	41%
Stúlkur	128	125	142	395	59%
Stálp	0	0	0	0	0%
Alls	213	211	248	672	100%


Viðmiðunardagsetning er 1.03.2022

Starfsmenn skólans á haustmisseri 2022 skiptast þannig:



Mynd 1. Tölfræðilegar upplýsingar um starfsfólk Menntaskólans í Reykjavík.

Eins og sést á mynd 1 er heildarfjöldi starfsfólks 89 en stöðugildi eru samtals 75,4. Ef skoðuð er kynjaskipting starfsfólks þá er skiptingin þannig að það starfa 58 konur, 1 kvár og 30 karlar. Reynt hefur verið að horfa til kynjajafnréttis við mannaráðningar, t.d. í deildum þar sem þar sem einsleitni er.



Mynd 2. Aldursdreifing starfsfólks Menntaskólans í Reykjavík.

Aldursdreifing er sýnd á mynd 2, dreifingin er áhugaverð og sýnir að starfsfólk er á öllum aldri.

Þó er vert að geta þess að starfsfólk undir 35 ára aldri er einungis um 19% prósent af heildarstarfsmannafjölda.

2. Sjálfsmat

2.1 Síðastliðin ár

Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaprófa og rafræn kennslukönnun, sem nær ekki aðeins til kennslu, kennsluhátta og námsefnis, heldur einnig annarra þátta í starfi skólans og eru efnistöð þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára.

Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar var stuðst við ákveðið vinnuferli og starfshópar völdu hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Þess er gætt að litið sé til veikra jafnt sem sterkra hliða í niðurstöðu könnunarinnar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2021–2022

2.2.1 Samantekt jólaprófa

Niðurstöður jólaprófa 2021 voru teknar saman og kynntar á kennarafundi 12. janúar 2022.

Sökum Covid-19, þá fór fundurinn fram í gegnum *Microsoft Teams*. Niðurstöðurnar gera stjórnendum kleift að bera saman bekkji í einstökum greinum hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaprófa í sínum bekkjum, þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaprófsárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim sem ekki hefur gengið sem skyldi veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut.

Kennarar innan greina hittast reglulega og fara yfir námsaðferðir, námsgögn, próf og finna leiðir til úrbóta. Sem dæmi um úrbætur má nefna aukatíma og stoðtíma í ýmsum greinum auk stoðþjónustu fyrir nemendur með t.d. lestrarörðugleika eða kvíðaröskun.

Með þessu móti leitast skólinn við að nýta jólaprófin til að læra ekki síður en nemendur og bæta lærdómsumhverfið á vormisseri. Þannig nær skólinn að nýta kosti heilsárskerfis, sem er á þá vegu að nemendur eru með einn kennara í hverju fagi út veturinn. Niðurstöður jólaprófanna veita því kennurum og stjórnendum tækifæri til að sjá hvað bæta má fyrir vorönnina.

2.2.2 Kannanir

Á vormisseri 2022 voru gerðar tvær kennslukannanir meðal nemenda skólans. Síðastliðin ár hefur könnunin verið gerð rafrænt og var sami háttur hafður á að þessu sinni.


Kennslukönnun: I hluti

Hvernig myndir þú lýsa kennsluáðferðum kennarans?

1. Frumlegar **34%** (1769/5188)
2. Gamalt í bland við nýtt **40%** (2053/5188)
3. Gamaldags **22%** (1149/5188)
4. Ég kys að svara ekki. **4%** (217/5188)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 5188 af
Svarhlutfall: 98%




Hvað myndir þú segja að einkenni viðhorf kennarans í garð nemenda?

1. Fordómafullt **3%** (141/5199)
2. Skilningsríkt **33%** (1736/5199)
3. Hvorki né **15%** (778/5199)
4. Jákvætt **42%** (2204/5199)
5. Neikvætt **4%** (189/5199)
6. Kys að svara ekki **3%** (151/5199)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 5199 af
Svarhlutfall: 98%




Hvað myndir þú gefa kennaranum þínum í einkunn? (10 er mjög gott, 1 jafngildir lélegt.)

1. 10 **33%** (1731/5198)
2. 9 **19%** (984/5198)
3. 8 **17%** (907/5198)
4. 7 **12%** (634/5198)
5. 6 **6%** (315/5198)
6. 5 **4%** (215/5198)
7. 4 **2%** (122/5198)
8. 3 **2%** (83/5198)
9. 2 **1%** (57/5198)
10. 1 **1%** (71/5198)
11. Kys að svara ekki. **2%** (79/5198)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 5198 af
Svarhlutfall: 98%




Hvernig upplifir þú undirbúning kennarans fyrir kennslustundir?

1. Mjög góðan **48%** (2469/5177)
2. Góðan **35%** (1837/5177)
3. Hvorki né **11%** (555/5177)
4. Ekki nægilegur **3%** (153/5177)
5. Alls ekki nægilegur **1%** (65/5177)
6. Kys að svara ekki. **2%** (98/5177)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 5177 af
Svarhlutfall: 98%




Hvernig myndir þú lýsa kennslustundum í faginu?

- Kennslustundir voru mjög vel
1. skipulagðar og bjó það til gott lærdómsumhverfi. **38%** (1972/5193)
 2. Kennslustundir voru skipulagðar en jafnframt sveigjanlegar. Kennslustundir voru mjög **34%** (1778/5193)
 3. skipulagðar sem mér fannst draga úr skemmantagildi fagsins. Kennslustundir voru óskipulagðar en hentuðu mér vel. **13%** (672/5193)
 4. Kennslustundir voru óskipulagðar og það kom niður á lærdómnum. **4%** (226/5193)
 5. Kennslustundir voru óskipulagðar og það kom niður á lærdómnum. **4%** (226/5193)
 6. Kys að svara ekki. **7%** (366/5193)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 5193 af
Svarhlutfall: 98%




Hvernig myndir lýsa námsefninu?

1. Það stuðlaði að því ég bætti mig mjög mikið í faginu. **30%** (1533/5190)
2. Það stuðlaði að því ég bætti mig í faginu. **35%** (1826/5190)
3. Það er hvorki né. **25%** (1312/5190)
4. Það gerði ekki nægar kröfur til mín. **3%** (155/5190)
5. Námsfnið er allt of létt. **1%** (75/5190)
6. Ég kys að svara ekki. **6%** (289/5190)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 5190 af
Svarhlutfall: 98%



Þessi könnun fór fram undir lok vors, á tímabilinu 1.04-10.04. Svörun við könnuninni var mikil og yfir 50%, helgast þetta m.a. af því að í vor voru veitt verðlaun fyrir þann bekk sem var með besta svarhlutfallið. Verðlaunin voru pizzuveisla í boði skólans. Það var aðeins einn bekkur þar sem allir nemendur svöruðu könnuninni. Og því fékk sá bekkur pizzuveislu sama dag og einkunnaafhending og prófsýning fóru fram. Hugmyndin að baki því að hafa verðlaun, er að sjálfsögðu sú að skapa hvata fyrir nemendur að svara. Eftir því sem fleiri svara könnuninni því betri mynd ætti hún að gefa af því skólastarfi sem fer fram í kennslustofunum.






Kennslukönnunin snýr að einstaka kennara, fremur en að meta skólann í held sinni líkt og í almennum viðhorfskönnunum. Nemendur meta kennaranna sína, ásamt því að veita ritaða endurgjöf. Kannirnar stuðla að nauðsynlegu aðhaldi og veita stjórnendum innsýn í starfsemina í kennslurýminu, þ.e.a.s. ekki einungis kennslu heldur einnig almenn samskipti nemenda við kennarann.

Kennslukönnunin hefur verið höfð að leiðarljósi í starfsmannasamtölum, þar sem stjórnendur og kennarar fara yfir hvað vel er gert og hvað má betur fara. Og sem slík þá er kennslukönnunin mikilvægt verkfæri í samtali stjórnenda og kennara um hvað betur má en ekki síður hvað skal standa vörð um innan veggja skólans.

Það er ýmislegt sem er jákvætt í kennslukönnun, t.d. virðist ánægja meðal nemenda með kennsluaðferðirnar sem eru notaðar. Einnig er vert að nefna að almennt séð eru nemendur ánægðir með viðhorf kennara í þeirra garð, aukinheldur er það upplifun margra að undirbúningur kennara sé góður. Einkunnirnar sem nemendur gefa kennurum eru einnig almennt frekar háar. Nú kann að spila inn í að nemendur hugsanlega séu varir um sig og treysti því ekki að um nafnlausu könnun sé að ræða og undirritaður hefur vissulega fengið spurningar þess eðlis í kennslustundum hvort það sé hægt að rekja svör þeirra. Samt sem áður verður að telja að slíkt heyri til undantekninga og almennt séu nemendur að svara eftir bestu samvisku.

Jákvæðning nemenda verður að teljast harla gott þar sem síðasti vetur var uppfullur af áskorunum, til að mynda var ekki hægt að kenna í einni byggingu skólans, Casa Christi, sökum myglu. Skólastjórnendur þurftu að leita leiða til að leysa þetta vandamál, var það gert með því að kenna á stöðum sem í eðlilegu ári væru ekki notaðir fyrir kennslu, t.d. íþróttahúsið og kaffistofa kennara. Þessi húsnæðismál, ásamt áframhaldandi áskorun í baráttunni við Covid í skólastarfi virðast ekki hafa leitt til neikvæðni nemenda í garð einstakra kennara.

Viðhorfskönnun: II hluti



Í viðhorfskönnunin var leitast við að kanna aðra þætti en hin hefðbundna kennslukönnun og almenna könnunin. Það mætti halda því fram að síðasta vetur hafi viðhorfskönnunin í raun þjónað því hlutverki að gefa stjórnendum innsýn inn í líf nemenda, ekki einungis í skólanum heldur einnig þætti sem gætu haft áhrif á námið.

Þarna eru nokkrir þættir kannaðir, sumir eftir umræðu við verkefnastjóra skólans, t.d. félagsstaða nemenda, eða réttara sagt þeirra upplifun af eigin stöðu. Nemendur virðast almennt eiga vini í bekknum sínum, en þó eru einhverjir sem ekki eiga neina vini. Þó vissulega sé þetta ekki há prósentu nemenda sem svara á þessa vegu er mikilvægt fyrir skólann að huga

að þessu. Það hvort nemendur geti leitað til einhvers í bekknum er mikilvægt fyrir þeirra geðheilsu og þá í leiðinni andann í skólanum. Há prósentu þeirra sem eiga vini eða félagi í bekknum er jákvæð en skólinn má samt sem áður má ekki sofa á verðinum. Félagsleg eingrun kann að haldast í hendur við aukna símanotkun.

Í þessari könnun var skoðuð upplifun nemenda á símanotkun samnemenda þeirra. Stórhloti, eða um 78% nemenda, fannst símanotkun samnemenda sinna hafa lítil eða enginn áhrif á þeirra nám. Þessar háu tölur geta gefið til kynna að símanotkun sé í raun ekki það vandamál sem kennara telja það vera, hér kann þó tíðarandinn að spila ákveðið hlutverk. Símanotkun er fyrirbæri sem skólar þurfa stöðugt að vera fylgjast með og móta sér stefnur í tengslum við notkun þeirra.

Einnig var skoðað áhrif covid og er þar fátt sem kemur á óvart, nemendur telja að farsóttin hafi haft neikvæð áhrif. Slíkt ætti ekki að koma á óvart. Viðhorf nemenda til fjarnáms er eitthvað gæti verið gott veganesti til lengra tíma og eitthvað sem skólinn mun byggja á ef slíkt verður skoðað enn frekar.

Í viðhorfskönnun veturinn 2020-2021 var skoðað hvort nemendur telji að námsumhverfið ýti undir streitu og töldu margir nemendur að skólinn ýti undir streitu. Í síðustu sjálfsmatskýrslu var eftirfarandi efnisgrein:

Það sem verður að teljast áhyggjuefni er hversu margir nemendur telja að skólinn ýti undir streitu. Hugsanlega er hægt að bregðast við með hlutum á borð við að setja stífar reglur um hversu mörg skilaverkefni og próf nemendur eiga að standa skil á í hverju viku. Einnig mætti leggja meira áherslu á það við kennara að vera sveiganlegri á skilum og reyna á nálgast nemendur á einstaklingsmiðari hátt. En þó gæti vandinn verið djúpstæðari eða vart til staðar, það er erfitt að leggja mat á slíkt út frá einni spurningu. Vellíðan nemenda á heildstæðan hátt er hlutur sem þyrfti að skoða betur og munu kannanir vetrarins taka mið af því.

Í könnunin sem var lögð fyrir veturinn 2021-2022 var sama spurning lögð fyrir nemendur og svöruðu 43 prósent nemenda að námsumhverfið ýtti undir streitu, prósentan var 46 prósent veturinn á undan. Það er því alveg ljóst að ástandið hefur mjög lítið breyst og er þetta áskorun sem skólastjórnendur þurfa að takast á við, til að bæta námsumhverfið fyrir nemendur.

2.2.3 Fundir með nemendum

Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að haldnir séu opnir fundir með nemendum og stjórnendum. Sökum Covid var ekki hægt að funda með nemendum. Þess í stað var könnun,

fyrir utan kennslukönnunina, sem átti að einhverju leiti að þjóna þeim tilgangi að fá endurgjöf nemenda um almenn málefni er tengjast skólanum, sem hefðu á hefðbundnu skólaári komist upp. Rýnt er frekar í viðbrögð nemenda í kannannahluta þessarar skýrslu. Í kjölfarið hefur verið ákveðið að fundir skólanefndar, þar sem eru fulltrúar nemenda, muni koma í staðinn fyrir fundi með öllum nemendum.

2.2.4 Skólanámskrá

Ný skólanámskrá tók gildi við skólann haustið 2016 og er nú framhaldsskólamenntun þrjú ár í stað fjögurra. Námsbrautalýsing fyrir nýtt námskerfi hefur hlotið staðfestingu frá ráðuneytinu og er nú unnið samkvæmt henni.

2.2.5 Umbótaáætlun

1. Aukin stöðlun innan faga. Leitast verður eftir því að nemendur geti gengið að ákveðnum staðli í öllum fögum og þá ætti viðkomandi kennari ekki að skipta öllu máli. Vissulega verður alltaf blæbirgðamunur milli kennara, enda eru kennarar ólíkir. Hinsvegar verða nemendur að geta gengið að því vísu að þeir sem kenna sama ár og fag fylgi sömu kennsluáætlun og sömu námsgögnum.

2. Skoðað verður að setja hámark á fjölda prófa og skilaverkefna í hverri viku. Einnig verður greint hvað telst skilvirkur prófafjöldi í kennslufræðilegu tilliti á misseri í kjarnafögum og öðrum fög.

3. Sjálfsmatsáætlun 2022-2023

Sjá aukaskjal.

2.2.6 Umhverfisstefna

Veturinn 2021-2022 lauk skólinn fyrsta grænaskrefinu í átt að grænfána. Til að ljúka fyrsta skrefinu þurfti skólinn að skipa umhverfisnefnd og setja sér markmið. Þetta er fyrsta skrefið af sjö og því næg vinna óunnin. Því ber þó að fagna að skólinn sé byrjaður á þessari vegferð.

3. Lokaorð

Lögum samkvæmt ber framhaldsskólum að skipuleggja árlegar rannsóknir á skólastarfinu í þeirri viðleitni að gera skólastarfið eins gott og mögulegt er á öllum sviðum þess. Sjálfsmatið sem er formlegt og altækt hefur stöðugt vaxið að umfangi í Menntaskólanum í Reykjavík. Reynt er að rannsaka sem flesta þætti skólastarfsins með það fyrir augum að gera umbætur þar sem þess telst þörf til að árangur af starfi Menntaskólans í Reykjavík verði sem heilladrýgstur fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans.

Covid setti svip sinn á veturinn. Kennarar notuðu grímur í kennslustofum og göngum skólans en nemendur þurftu einungis að nota grímur á göngum skólans. Fársóttin hafði víðtæk áhrif á upplifun starfsfólks og nemenda í skólanum. Í sjálfsmatsáætlun vetrarins gerði ráð fyrir „menningarsköpun“, í því fólst að skapa átti jákvæðari menningu innan skólans. En sökum covid og húsnæðisvandráða þá skapaðist aldrei tími og rými fyrir slíkt.

Veturinn var mikil áskorun og reyndi mikið á allt starfsfólk t.d. húsvörðinn, sem þurfti að snúast mikið í húsnæðismálunum. En skólanum var tryggt nýtt húsnæði eftir veturinn sem vonandi minnkar húsnæðisvanda skólans, þó vissulega sé brýnn þörf á að frekar uppbyggingu á skólasvæðinu.

Sjálfsmatið er mikilvægt fyrir alla skóla, en ekki síst Menntaskólanum í Reykjavík sem byggir á gömlu grunni en er þó í stöðugri þróun og kappkostað er við að bæta skólann. Húsnæðisvandráðinn síðasta vetur sýndi að starfsfólk skólans getur unnið við erfiðar aðstæður, en slíkt er þó ekki boðlegt til lengri tíma. Starfsfólk var einnig reiðubúið að koma til móts við nemendur til að reyna eftir mesta mætti að minnka áhrif Covid-19. Skólinn býr yfir miklum mannauði í nemendum og starfsmönnum, það er okkar að búa til ramma þar sem allir fá að dafna. Sjálfsmat og sjálfsmatáætlanir skapa vettvang til gera það sem nú þegar er gott, enn betra.